

## Áætlun um rekstrarfjárförf jarðefnafræðideildar

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-88-07**

## ÁÆTLUN UM REKSTRARFJÁRÞÖRF JARÐEFNAFRÆÐIDEILDAR

### *Rekstur stofu 360200*

Þessi liður var áætlaður 1 Mkr. á árinu 1987. Vegna fjárhagsástandsins 1988 var þessi áætlun skorin niður í 800 þ. og þeim niðurskurði var mætt með því að geyma að panta rekstrarvörur fram á 1989 og ganga mun nær lagernum en við venjulega gerum. Slíkt getur haft í för með sér töf á verkefnum þar sem pöntunartími fyrir rekstrarvörur er yfirleitt 6-10 vikur.

Þær algengu glervörur sem til eru á lager í landinu eru verulega dýrari þegar þær eru keyptar í stykkjatali, en þegar pantaðar eru stærri pakkningar. Því er æskilegt að eiga svolítinn lager. Þótt lager okkar væri alveg eytt upp þá gerum við það ekki nema einu sinni og til að halda í horfinu reikna ég með að fjárveiting upp á 1 Mkr. á árinu 1989 dugi ekki og set því inn 1100 þ.

### *Sýnatökubúnaður 360210.*

Hér verð ég að hækka upp í 400 þ. því komið er að endurnýjun á sýnatökurum og ýmsum öðrum búnaði.

### *Rekstur tækja 360220.*

Hér set ég 500 þ. sem er sama tala og var í upphaflegri áætlun fyrir 1988. Þessi liður er eðlilega talsvert breytilegur eftir því hversu miklar bilanir verða. Á árinu 1989 þarf fyrirsjáanlega að endurnýja nokkra lampa í atomísogstækinu og súlur í jónagreini. Einnig fer að líða að því að endurnýja þurfi gasstaðala, sem eru sérpantaðir erlendis frá. Því þori ég ekki að fara neðar með þennan lið.

### *Aðkeypt sérfræðiþjónusta 360230.*

Þetta er fyrst og fremst liður sem fer til greiðslu á ísótópagreiningum á Raunvísindastofnun, en einnig í greiningu á stöðlum og viðmiðunarsýnum á öðrum rannsóknarstofum. Þessi liður var skorinn algjörlega niður á síðasta ári. Greiningar sem greiddar voru af fjárveitingu 1987 drógust fram á þetta ár og var ætlunin að semja heldur um að greiðslur fyrir þær greiningar sem hugsanlega yrðu gerðar á þessu ári drægjust þá fram á næsta ár. Undanfarin ár höfum við fryst sýni sem við höfum áhuga á að fá greinda vetnisísótópa í. Nú er tækjabúnaður loks kominn í lag þannig að víst er að greining gengur sæmilega hratt fyrir sig. Þessi sýni eyðileggjast innan tíðar og þarf að

fara að greina þau ef á að gera það. Ég hefði hug á að 1989 yrði áætlað a.m.k. 350 þ. í þennan lið.

*R-70953, Sýnatökubíll 360260.*

Verði Econolininn enn við lýði þarf hann eðlilega mikið viðhald. Á þessu ári reynum við að láta dekkinn duga og setja hann ekki í sprautun, en verði ekki keyptur nýr bíll þarf m.a. þetta hvort tveggja, svo að 400-500 þ. væri nauðsynlegt í rekstur hans.

Hrefna Kristmannsdóttir